

Sp.

80. Fyrirspurn

[74. mál]

til viðskiptaráðherra um leyfi til útflutnings á saltfiski.

Frá Geir Gunnarssyni og Matthíasi Bjarnasyni.

1. a) Hverjum hefur verið veitt leyfi til útflutnings á saltfiski árið 1980?
b) Til hvaða landa?
c) Hversu mikið magn til hvers lands?
d) Hvenær voru einstök leyfi veitt?
2. a) Á hvaða verði var blautverkaður þorskur seldur? Verð á gæðaflokkum tilgreint.
3. Hvaða reglur gilda um veitingu leyfa til útflutnings á fiski og fiskafurðum? Er um að ræða einkaleyfisaðstöðu eða sérstakan rétt einhverra aðila?
4. Af hvaða ástæðum hefur beiðni Ísporto um leyfi til útflutnings á saltfiski til Portúgal ekki verið svarað?

Óskað er eftir skriflegu svari.